

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS GLERÁRDAL

Dagsetning	16.11.11	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir,
Fyrirtæki	Flokkun ehf	Starfsleyfi, gildir til	starfsleyfi runnið út
Heimilisfang	Geislagata 9, Akureyri	Tegund eftirlits	reglubundið seinna
Kennitala	680607-1170	Fulltrúar rekstraraðila	Ólöf Jósefsdóttir, Flokkun, Helgi Már Pálsson Akureyrarbæ
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA

Gerð er ein athugasemd. Urðun var hætt í Glerárdal í upphafi árs 2011 og frágangur á urðunarsvæði og skipulagning vöktunar o.fl. stendur yfir. Gert er ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdum (1m jarðvegsþekja og sáning) á Glerárdal ljúki í haust. Sigvatnsmælingar voru fyrirhugaðar í nóvember sl. Heppilegt væri að hefja mælingar á sigi á urðunarsvæðinu á Glerárdal strax að loknum frágangi á jarðvegi. Starfsleyfistrygging er í vinnslu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er varða lokun urðunarsvæðis sem og samsvarandi ákvæði í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs og drög að lokunarfyrirmælum. Haldinn var símafundur með fulltrúa Akureyrarbæjar, Helga Má Pálssyni og Ólöfu Jósefsdóttir um stöðu lokunar þann 16.11.11. Ekki var farið í vettvangsferð á Glerárdal.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik voru staðfest.

Athugasemd 1

Ábyrgðaryfirlýsing vegna starfsleyfistryggingar hefur verið send Umhverfisstofnun. Samkvæmt mati lögfræðings Umhverfisstofnunar þarf ábyrgðaryfirlýsing sveitarfélags um starfsleyfistryggingu að innihalda eftirfarandi:

1. Í ábyrgðaryfirlýsingu þarf ætíð að koma fram í texta að um sé að ræða fjárhagslega ábyrgð sem gildir í allt að 30 ár eða vísun í viðeigandi grein í lögum og/eða reglugerð sem tekur þetta fram, best er ef hvort tveggja er tiltekið.
2. Ábyrgðaryfirlýsing þarf að fylgja einhvers konar staðfesting bæjarstjórnar, t.d. bókun í fagnefnd eða bæjarráði áður en yfirlýsing er gefin út af bæjar-/sveitarstjóra, með bókun þar sem áður útgefin yfirlýsing er lögð fyrir nefnd/ráð til staðfestingar eða að yfirlýsingin sjálf sé í formi bókunar í nefnd/bæjarráði/bæjarstjórn.

Umhverfisstofnun telur að sú ábyrgðaryfirlýsing sem lögð hefur verið fram af Akureyrarbæ sé fullnægjandi hvað fyrra atriðið hér að ofan varðar en fullnægi ekki síðara atriðinu og sé því ekki fullnægjandi.

Önnur atriði

Umhverfisstofnun lagði til í síðustu eftirlitsskýrslu að mælingar á sigvatni yrðu með svipuðu sniði og árið 2011 og þær mælingar sem framkvæmdar voru að vori 2010. Fram kom á fundi (16.11.11) að mælingarnar færu fram í nóvember og á Umhverfisstofnun von á niðurstöðum bráðlega.

Í drögum að lokunarfyrirmælum urðunarstaðarins er m.a. gert ráð fyrir (ákv. 1.7) að fylgst verði með breytingum á umfangi urðaðs úrgangs. Heppilegast er að hefja eftirlit þessa þáttar um leið og gengið er frá jarðvegshulu á svæðinu.

Reykjavík, 15.05.2012

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.